

Fundur var haldinn í stjórn SKA, mánudaginn 18. ágúst 2014 kl. 15:00 á bæjarskrifstofu Fljótsdalshéraðs á Egilsstöðum.

Mættir: Gunnþórunn Ingólfssdóttir formaður stjórnar, Björn Ingimarsson, Páll Björgvin Guðmundsson, Vilhjálmur Jónsson, Jón Þórðarson, Páll Baldursson, Gauti Jóhannesson, Ólafur Áki Ragnarsson og Sigurbjörn Marinósson forstöðumaður.

Gunnþórunn formaður stjórnar bauð fundarmenn velkomna til fundarins.

Dagskrá fundarins.

1. Drög að ársreikningi 2013
 2. Bréf frá Fljótsdalshéraði – uppsögn á samningi við SKA
 3. Minnisblað vegna kennsluráðgjafar
 4. Önnur mál
1. Forstöðumaður fór yfir drögin að ársreikningi SKA fyrir árið 2013. Rekstrartekjur voru samtals 445.044.120,- Rekstrargjöld voru 443.636.347,- Samtals var rekstrarniðurstaðan að teknu tilliti til fjármagnsliða, jákvæð kr. 2.579.544,- en í áætlun var gert ráð fyrir neikvæðri niðurstöðu upp á kr. 4.000.000,- Eiginfjárreikningur er neikvæður upp á kr. 1. 652.071,- en var neikvæður upp á kr. 4.231.615,- Stjórn samþykkir ársreikninginn án athugasemda og staðfestir hann með undirritun og vísar honum til aðalfundar til samþykktar.
 2. Stjórnarmenn ræddu bréf Fljótsdalshéraðs um uppsögn á samningi um þjónustu SKA (A deild) frá næstu áramótum. Í bréfinu eru viðráðar hugmyndir um nýjan samning með breyttum eða endurskoðuðum áherslum á hlutverki SKA. Björn Ingimarsson fylgdi málinu úr hlaði og ítrekaði að ekki væru hugmyndir hjá Fljótsdalshéraði um að ganga út úr samstarfinu og lýsti yfir vilja til taka áfram þátt í miðlægri þjónustu að endurskoðun lokinni. Stjórnin var sammála um að hafin verði vinna við endurskoðun á samningnum. Stefnt verði að því að endurskoðun verði lokið fyrir næstu áramót eða svo fljótt sem auðið er, sbr. fundargerð framkvæmdastjórnar frá 8. júlí sl. Þá var forstöðumanni falið að leita eftir utanaðkomandi aðila til að stýra vinnunni og kanna kostnað við það verk. Einnig samþykkir stjórn að framkvæmdastjórn hafi umboð til að láta vinna málið áfram og hafi beina aðkomu og þátttöku í endurskoðuninni. Í endurskoðunarvinnunni verða fulltrúi SKA, fræðslustjórar Fjarðabyggðar og Fljótsdalshéraðs, fulltrúi skólastjórnenda leik- og grunnskóla á svæðinu og framkvæmdastjórn SKA.
 3. Lagt var fram minnisblað frá fræðslustjórum Fjarðabyggðar, Fljótsdalshéraðs og forstöðumanni SKA um samstarf skóla á Austurlandi um bættan námsárangur nemenda í læsi og stærðfræði. Horft er til þróunarverkefnis sveitarfélaga á Suðurnesjum sem hefur skilað umtalsverðum árangri í bættum námsárangri og hafa kennsluráðgjafar gengt þar lykilhlutverki. Lagt er til að Skólaskrifstofan fái heimild til að fjölga stöðugildum kennsluráðgjafar í grunnskólum og leikskólum frá og með hausti 2014, með það að markmiði að bæta námsárangur í skólum á Austurlandi.

Stjórnin samþykkir að ráðinn verði kennsluráðgjafi til skrifstofunnar í samræmi við framlagt minnisblað og verði undirbúningur hafinn að ráðningu með tilliti til ráðrúms innan fjárhagsáætlunar en gert verður ráð fyrir stöðunni í næstu fjárhagsáætlun.

4. Önnur mál

- a) Stjórnin samþykkir að fresta ákvörðun í grein 11.3 í samningi um **Sameiginlegt þjónustusvæði Austurlands um þjónustu við fatlað fólk**, frá 20.12.2010, um ótiltekinn tíma eða þangað til að endurskoðun milli ríkis og sveitarfélaga liggur fyrir. Grein 11.3: „*Samningsaðilar skulu ákveða sameiginlega fyrir 1. september 2014 hvort stefna skuli að endurnýjun samningsins*“.
- b) Stjórnin lýsir yfir ánægju með að Talþjálfun Austurlands ehf. skuli hafa hafið starfsemi sína á Austurlandi.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:25
Fundargerð ritaði Sigurbjörn Marinósson